Mynd 42.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi. Aðgengi að tölulegum upplýsingum um byggingar í framleiðslu?	80
Mynd 43.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi. Viðskiptasiðferði?	82
Mynd 44.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi. Vægi byggingarlistar í hönnun?	84
Mynd 45.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi. Virðingu fyrir íslenskum menningararfí?	86
Mynd 46.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirtæki í byggingariðnaði. Virk gæðastjórnun er til staðar	88
Mynd 47.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirtæki í byggingariðnaði. Vel er staðið að rekstri þeirra	90
Mynd 48.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirtæki í byggingariðnaði. Mikið er lagt uppúr innleiðingu tækninýjunga	92
Mynd 49.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirtæki í byggingariðnaði. Starfsemin tekur mið af umhverfismálum	94
Mynd 50.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um svarta atvinnustarfsemi? Svört atvinnustarfsemi er vandamál í byggingariðnaði á Íslandi	96
Mynd 51.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um svarta atvinnustarfsemi? Svört atvinnustarfsemi veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja í byggingariðnaði á Íslandi	98
Mynd 52.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um svarta atvinnustarfsemi? Svört atvinnustarfsemi er vaxandi vandamál í byggingariðnaði á Íslandi	100
Mynd 53.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í vöruþróun?	102
Mynd 54.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í framleiðsluháttum?	104
Mynd 55.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi?	106
Mynd 56.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í markaðsstarfi fyrirtækja?	108
Mynd 57.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í rekstri fyrirtækja?	110
Mynd 58.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í gæðastjórnun fyrirtækja?	112

Mynd 59.	Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í tækniýjungum?.....	114
Mynd 60.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Rekstur og fjármál	116
Mynd 61.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Gæðastjórnun.....	118
Mynd 62.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Tækniýjungar og nýsköpun	120
Mynd 63.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Umhverfisvitund.....	122
Mynd 64.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Starfsþjálfun.....	124
Mynd 65.	Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði? Byggingarlist	126
Mynd 66.	Hefur þú sótt þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á síðastliðnum tveimur árum?	128
Mynd 67.	Hversu mikið eða lítið svigrúm telur þú þig hafa í starfi þínu til þess að sækja þér sí- og endurmenntun?	130
Mynd 68.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum? Stjórnun	132
Mynd 69.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum? Rekstri og fjármálum.....	134
Mynd 70.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum? Gæðastjórnun	136
Mynd 71.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum? Tækniýjungum	138
Mynd 72.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum? Umhverfismálum/vistvænum byggingum	140
Mynd 73.	Er eitthvað sem hamlar því að þú getir sótt þér endurmenntun?.....	143
Mynd 74.	Er eitthvað sem hamlar því að þú getir sótt þér endurmenntun? Já, hvað?	145
Mynd 75.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starf þitt? Ég er ánægð(ur) í núverandi starfi.....	146
Mynd 76.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starf þitt? Virðing er borin fyrir starfi mínu	148
Mynd 77.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starf þitt? Ég starfa í eftirsóknarverðu vinnuumhverfi.....	150

Mynd 78.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starf þitt? Ég myndi hvetja einstaklinga til að mennta sig til að sinna sambærilegu starfi og ég er í.....	152
Mynd 79.	Hverjir telur þú að séu helstu styrkleikar íslensk byggingariðnaðar?.....	154
Mynd 80.	Hverjir telur þú að séu helstu veikleikar íslensk byggingariðnaðar?	156
Mynd 81.	Telur þú að byggingariðnaðurinn í heild myndi hagnast mikið, lítið eða ekkert af auknu samstarfi milli stofnanna hins opinbera og fyrirtækja sem starfa í byggingariðnaði?	158
Mynd 82.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að menntun og þjálfun starfsfólks?	160
Mynd 83.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að markaðssetningu og almannatengslum?	162
Mynd 84.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að alþjóðlegu samstarfi?.....	164
Mynd 85.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að þróun og rannsóknnum?	166
Mynd 86.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að hagsmunagæslu (e. lobbyism)?.....	168
Mynd 87.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að samstarfi í viðskiptum?	170
Mynd 88.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Menntun og þjálfun starfsfólks?	173
Mynd 89.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Markaðssetningu og almannatengslum?	175
Mynd 90.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Alþjóðlegu samstarfi?.....	177
Mynd 91.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Þróun og rannsóknnum?	179
Mynd 92.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Hagsmunagæslu (e. lobbyism)?	181
Mynd 93.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Samstarf í viðskiptum?	183
Mynd 94.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem leggja þarf til fjármagn?	186

Mynd 95.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem leggja þarf til vinnuframlag?.....	188
Mynd 96.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem veita þarf aðgengi að sérþekkingu?	190
Mynd 97.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem veita þarf aðgengi að upplýsingum?	192
Tafla 76.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem veita þarf aðgengi að upplýsingum? – Bakgrunnsgreining	193
Mynd 98.	Hefur þú tekið þátt í viðburðum síðustu missera undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Árið 2010 „Lærum af mistökum fyrri tíma og mótum framtíðina“	194
Mynd 99.	Hefur þú tekið þátt í viðburðum síðustu missera undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Árið 2012 „Ráðstefnu(m) um nýja byggingarreglugerð“	196
Mynd 100.	Hefur þú tekið þátt í viðburðum síðustu missera undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Árið 2013 „Hjúpur mannvirkja“	198
Mynd 101.	Hefur þú tekið þátt í viðburðum síðustu missera undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Árið 2013 „Mygla í mannvirkjum“	200
Tafla 80.	Hefur þú tekið þátt í viðburðum síðustu missera undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Árið 2013 „Mygla í mannvirkjum“ – Bakgrunnsgreining	201
Mynd 102.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um viðburðinn/viðburðina sem þú hefur áður sótt undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Viðburðurinn veitti mér aukna þekkingu.....	202
Mynd 103.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um viðburðinn/viðburðina sem þú hefur áður sótt undir heitinu „Samstarf er lykill að árangri“? Viðburðurinn efldi tengslanet mitt.....	204
Mynd 104.	Hverjir telur þú að séu helstu styrkleikar íslensk byggingariðnaðar?.....	207
Mynd 105.	Hverjir telur þú að séu helstu veikleikar íslensk byggingariðnaðar?	209
Mynd 106.	Telur þú að byggingariðnaðurinn í heild myndi hagnast mikið, lítið eða ekkert af auknu samstarfi milli stofnana hins opinbera og fyrirtækja sem starfa í byggingariðnaði	211
Mynd 107.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að menntun og þjálfun starfsfólks	213
Mynd 108.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að markaðssetningu og almannatengslum	215
Mynd 109.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að alþjóðlegu samstarfi.....	217
Mynd 110.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að þróun og rannsóknum	219

Mynd 111.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að hagsmunagæslu (e. lobbyism).....	221
Mynd 112.	Hversu miklu eða litlu máli skiptir samstarf í byggingariðnaði þegar kemur að samstarfi í viðskiptum	223
Mynd 113.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Menntun eða þjálfun starfsfólks?	226
Mynd 114.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Markaðssetningu og almannatengslum?	228
Mynd 115.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Alþjóðlegu samstarfi?	230
Mynd 116.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Þróun og rannsóknnum? ..	232
Mynd 117.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Hagsmunagæslu (e. Lobbyism)?.....	234
Mynd 118.	Hefur fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá tekið þátt í samstarfsverkefni sem snýr að byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum á síðastliðnum áratug? Samstarfi í viðskiptum? ..	236
Mynd 119.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Menntun og þjálfun starfsfólks?	239
Mynd 120.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Markaðssetningu og almannatengslum?	241
Mynd 121.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Alþjóðlegu samstarfi?.....	243
Mynd 122.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Þróun og rannsóknnum?	245
Mynd 123.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Hagsmunagæslu (e. lobbyism)?	247
Mynd 124.	Hversu mikinn eða lítinn áhuga telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá hefði á að taka þátt í samstarfsverkefnum í byggingariðnaði á eftirfarandi sviðum? Samstarf í viðskiptum?	249
Mynd 125.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem leggja þarf til fjármagn	252
Mynd 126.	Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem leggja þarf til vinnuframlag.....	254



- Mynd 127. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem veita þarf aðgengi að sérþekkingu.....**256**
- Mynd 128. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá sé tilbúið að taka þátt í samstarfsverkefni þar sem veita þarf aðgengi að upplýsingum.....**258**
- Mynd 129. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um viðburðinn sem þú sóttir hér í dag? Viðburðurinn veitti mér aukna þekkingu**260**
- Mynd 130. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um viðburðinn sem þú sóttir hér í dag? Viðburðurinn efldi tengslanet mitt**262**
- Mynd 131. Hvaða málefni myndir þú vilja sjá fjallað um á næstu misserum á vettvangi „Samstarf er lykill að árangri“?**265**

BAKGRUNNUR VERKEFNIS

Samtök iðnaðarins, Mannvirkjastofnun, Félag byggingafulltrúa, Arkitektafélagið, Verkfræðingafélagið, Tæknifræðingafélagið, Félag byggingafræðinga og Nýsköpunarmiðstöð stóðu fyrir opnum fundi sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 4. nóvember 2014 frá kl. 08:30 til kl. 17:00. Á fundinum var fjallað um stöðu íslensks byggingariðnaðar í dag, það samstarf sem nú þegar er til staðar í byggingariðnaði og möguleikum á auknu samstarfi í byggingariðnaði. Skráning á fundinn var opin öllum og fór fram í gegnum vefsíðu Samtaka iðnaðarins, www.si.is.

Skipulag fundarins var með þeim hætti að Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, setti fundinn og bauð þátttakendur velkomna. Því næst flutti Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ávarp um stöðu íslensks byggingariðnaðar. Að því loknu kynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fundarstjóri, dagskrá og vinnulag fundarins. Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir á fundinum og voru þátttakendur beðnir um að svara fyrri spurningalistanum eftir að Þorgerður Katrín hafði lokið máli sínu.

Að því loknu voru tveir fyrirlestrar fluttir. Fyrst fjallaði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, fyrirlestur um hagræna þýðingu og stöðu íslensks byggingariðnaðar. Næst flutti Guðrún Ingvarsdóttir, verkefnastjóri þróunarverkefna Búseta hsf., fyrirlestur með yfirskriftinni „Framtíðarhorfur og þróun í byggingariðnaði“.

Í upphafi fundar hafði öllum fundarmönnum verið skipt niður í umræðuhópa og á fundinum fóru tvisvar sinnum fram umræður í þessum hópum. Þegar búið var að leggja fyrri spurningalistann fyrir þátttakendur hófst fyrri umræða fundarins þar sem fjallað var um stöðu íslensks byggingariðnaðar í dag og framtíðarhorfur iðnaðarins.

Eftir stuttan hádegisverð voru fluttir tveir fyrirlestrar. Hannes Ottósson, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, flutti fyrirlestur um klasa sem samstarfsform og tók fyrir nokkur dæmi úr erlendum byggingariðnaði. Þá tók Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Sjávarklasans, til máls og flutti erindi um Sjávarklasann sem dæmi um samstarfsvettvang í íslenskri atvinnugrein. Að því loknu fóru seinni umræður fram í umræðuhópunum. Umfjöllunarefnið var samstarf í byggingariðnaði í dag og samstarfstækifæri í byggingariðnaði á Íslandi. Að umræðum loknum stýrði fundarstjóri samantekt þar sem umræðuhóparnir sögðu frá því sem komið hafði fram í umræðum á þeirra borði. Nú var seinni spurningalistinn lagður fyrir og að því loknu var fundi slitið.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir þátttakendur fundarins, einn í upphafi fundar og annar við lok fundarins. Fyrri spurningalistinn kannaði viðhorf fundargesta til stöðu íslensks byggingariðnaðar og viðhorf þeirra til samstarfs í byggingariðnaði. Seinni spurningalistinn var að mestu endurtekning á spurningum úr fyrri spurningalistanum sem snéru að samstarfi í byggingariðnaði. Þetta var gert til að kanna hvort að breyting yrði á viðhorfum fundargesta til samstarfs í byggingariðnaði eftir að hafa hlýtt á fyrirlestra sem fluttir voru á fundinum og þátttöku í umræðum á fundinum.

Fyrirkomulag fundarins byggði að miklu leyti á hugmyndafræði og aðferðum svokallaðra rökræðukannana (e. *deliberative polling*). Rökræðukönnun er leið til að kanna viðhorf upplýsts hóps, yfirleitt með það að markmiði að nýta upplýsingarnar við pólitíska stefnumótun. Blandað er saman hefðbundinni skoðanakönnun þar sem viðhorf þátttakenda til þess efnis sem taka á fyrir er kannað áður og eftir að þátttakendur rökræða um það. Ekki er gert ráð fyrir því að hópurinn sem tekur þátt í rökræðum komist að sameiginlegri niðurstöðu heldur er megintilgangur rökræðukönnunar að fá traustari þekkingu á raunverulegum viðhorfum, rökum með og á móti og því hvernig viðhorf mótast og breytast við það að ræða um efnið sem kannað er.

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	4. nóvember 2014
Framkvæmdarmáti	Spurningakönnun
Fjöldi svarenda	155

ÚRVINNSLA


Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, og geira innan íslensks byggingariðnaðar. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Einnig eru birtar myndir þar sem sýna hlutföll svarenda í afstöðu sinni til þeirra svarmöguleika sem í boði voru.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutföll svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir.

Tafla 2. Kyn


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Karl	117	78%	6,6%
Kona	33	22%	6,6%
Fjöldi svara	150	100%	
Vil ekki svara	5		
Alls	155		



Mynd 1. Kyn

Tafla 3. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
18-39 ára	32	22%	6,8%
40-54 ára	63	44%	8,1%
55 ára og eldri	49	34%	7,7%
Fjöldi svara	144	100%	
Vil ekki svara	11		
Alls	155	155	




Mynd 2. Aldur

Tafla 4. Svið íslensk byggingariðnaðar

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Stjórnsýsla ríkis/sveitarfélags	30	20%	6,4%
Hönnun	29	19%	6,3%
Verklegar framkvæmdir	27	18%	6,1%
Menntastofnun	17	11%	5,0%
Hagsmunasamtök/stoðkerfi	15	10%	4,8%
Fasteignafélag	12	8%	4,3%
Fjármögnun	10	7%	4,0%
Sala eða framleiðsla byggingarefnis	7	5%	3,4%
Nemi	4	3%	2,6%
Fjöldi svara	151	100%	
Vil ekki svara	4		
Alls	155		

Flokkarnir *Verklegar framkvæmdir* og *Sala eða framleiðsla byggingarefnis* voru sameinaðir í bakgrunnsgreiningu. Það sama á við um flokkana *Menntastofnun* og *Nemi* sem og flokkana *Fasteignafélag* og *Fjármögnun*




Mynd 3. Svið íslensk byggingariðnaðar

NIÐURSTÖÐUR

Staða byggingariðnaðar á Íslandi

Töluverð ánægja var meðal fundarmanna með þætti sem snúa að mannauð í byggingariðnaði á Íslandi. Meirihluti, eða 58% þátttakenda á fundinum, voru mjög eða frekar ánægð með þekkingu starfsfólks í byggingariðnaði og 49% fundarmanna voru mjög eða frekar ánægð með aðgengi að faglærðu starfsfólki í greininni. Þessi ánægja kom fram í umræðum á fundinum. Þar kom m.a. fram að íslensk fagþekking væri góð, að iðnaðarmenn væru fjölhæfi og að fagmennska hefði aukist í greininni. Ef rýnt er nánar í niðurstöður spurningakönnunarinnar um ánægju fundarmanna með þekkingu starfsfólks sést að því eldri sem fundarmenn voru því ánægðari voru þeir með þekkingu starfsfólks í byggingariðnaði. Þannig var yngsti aldurshópur fundarmanna síst ánægður en elsti aldurshópurinn ánægðastur en 68% fundarmanna á aldrinum 55 ára og eldri voru mjög eða frekar ánægðir með þekkingu starfsfólks í greininni (sjá töflu 9). Elsti aldurshópur fundarmanna var einnig ánægðastur með aðgengi að faglærðu starfsfólki og voru 59% mjög eða frekar ánægðir (sjá töflu 10).

Skiptar skoðanir voru meðal fundarmanna um hönnun og gæði nýbygginga. Rétt rúmur þriðjungur (34%) þátttakenda voru ánægðir með hönnun nýbygginga en 29% óánægðir með hönnun þeirra. Elsti hópur þátttakenda á fundinum var ánægðari (45%) en aðrir aldurshópar með hönnunina. Yngstu þátttakendur fundarins voru hins vegar óánægðastir með þennan þátt, 34% þeirra voru óánægð með hönnun nýbygginga (sjá töflu 6). Þegar viðhorf fundarmanna til gæða nýbygginga eru skoðuð sést að 33% fundarmanna voru ánægð með gæði þeirra en 31% voru mjög eða frekar óánægð. Þátttakendur á fundinum sem komu úr verklegum framkvæmdum voru ánægðastir með gæði nýbygginga en 55% þeirra voru mjög eða frekar ánægð. Mest var óánægjan hins vegar hjá fulltrúum frá hagsmunasamtökum, 57% þeirra voru óánægð með gæði nýbygginga (sjá töflu 5).



*Hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar ánægðir

Mynd 4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi

Mikil óánægja var meðal fundarmanna með aðgengi að tölulegum upplýsingum en 53% fundarmanna voru mjög eða frekar óánægð með aðgengi að upplýsingum um byggingar í framleiðslu. Þetta viðhorf kom skýrt fram í umræðum á fundinum. Talað var um að mikilvægt væri að framkvæma rannsóknir og safna saman upplýsingum um byggingariðnaðinn. Bent var á skort á upplýsingum um t.d. nýtingu og ánægju með húsnæði, fyrirtæki í byggingariðnaði og feril þeirra og tölulegar upplýsingar um byggingar í framleiðslu svo tryggt sé að hægt sé að byggja eftir þörfum neytenda. Fulltrúar frá hagsmunasamtökum voru óánægðastir með aðgengi að tölulegum upplýsingum um byggingar í framleiðslu, 69% þeirra voru mjög eða frekar óánægð (sjá töflu 17).

Töluverð óánægja kom fram með skilvirkni afgreiðsluferlis hins opinbera (50%) og eftirlit með byggingarframkvæmdum (45%). Í umræðum á fundinum var talað um að stjórnkerfið væri of þungt og samvinna við framleiðsluna of lítil. Einnig var rætt um erfiðleika við að ná í byggingafultrúa og að fá svör frá þeim. Báðir þessir þættir yllu töfum á framkvæmdum og auknum kostnaði. Í umræðum kom fram að þörf væri á einu ráðuneyti sem færi með bygginga- og skipulagsmál til að innleiða langtímahugsun og aukið skipulag í byggingamálum. Jafnframt var bent á að stjórnvöld ættu að auka hagstjórn t.d. með því að ráðast frekar í framkvæmdir þegar hagkerfið kólnaði til að viðhalda stöðugleika. Gagnrýnt var að framkvæmdir hins opinbera fylgdu sveiflum á almennum markaði í of miklum mæli.

Í umræðum kom einnig fram mikil óánægja með nýlega byggingarreglugerð. Þessi óánægja birtist í niðurstöðum spurningakönnunarinnar en 46% fundarmanna voru óánægð með reglugerðarumhverfi í byggingariðnaði. Í umræðum kom fram mikil óánægja með það hvernig að reglugerðinni var staðið. Hún væri íþyngjandi, óskýr, of ströng og yki kostnað.




Mynd 5. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi

Ekki voru allir fundargestir jafn ánægðir með neytendavernd og rétt kaupenda. Tæplega þriðjungur (32%) fundarmanna var óánægður með neytendavernd og rétt kaupenda en 24% voru ánægð með þessa þætti. Í umræðum á fundinum kom fram að gott væri að koma á fót gæðakerfi

svo neytendur geti á auðveldan hátt tryggt að fasteign hafi verið haldið við og rakið sögu fasteignarinnar í grófum dráttum. Einnig var rætt um að koma á boðleiðum þar sem nauðsynleg skilaboð um nýtingu fasteigna og gæði framleiðslu kæmust á milli neytenda og starfsmanna fyrirtækja í framleiðslunni. Fulltrúar frá stjórnarsýslu voru óánægðastir með það hvernig staðið er að neytendavernd og rétt kaupenda, 55% þeirra söguðust vera mjög eða frekar óánægðir (sjá töflu 12).

Mikil óánægja var meðal þátttakanda með viðskiptasiðferði í byggingariðnaði en 61% þeirra voru mjög eða frekar óánægð með þennan þátt. Í umræðum var rætt um að þarft væri að auka meðvitund um t.d. svarta atvinnustarfsemi og kennitölufلاك sem eru þættir sem ásamt öðru gætu skýrt þessa óánægju. Ef litið er til aldurs má sjá að óánægja var mest meðal elsta aldurshóps fundargesta, 55 ára og eldri, eða 71%. Ef horft er til þess úr hvaða geira þátttakendur komu voru starfsmenn stjórnarsýslunnar óánægðastir með viðskiptasiðferði í byggingariðnaði en 74% þeirra voru mjög eða frekar óánægð. Töluverð óánægja var einnig meðal þátttakenda frá verklegum framkvæmdum en 72% þeirra sögðust vera mjög eða frekar óánægð með þennan þátt (sjá töflu 18).

Þegar horft er til vægis byggingarlistar í hönnun kemur í ljós að 42% fundarmanna voru mjög eða frekar óánægð. Mest var óánægjan meðal fulltrúa sem starfa við hönnun en 64% þeirra voru mjög eða frekar óánægð með vægi byggingarlista í hönnun. Meirihluti fulltrúa sem starfa við menntun og rannsóknir var einnig mjög eða frekar óánægður eða 62% (sjá töflu 19). Þessir þátttakendur létu einnig í ljós mesta óánægju með þá virðingu sem borin er fyrir íslenskum menningararfi. Rúmur helmingur eða 57% fulltrúa sem starfa við menntun eða rannsóknir og 48% hönnuða fannst ekki nægilega mikil virðing borin fyrir íslenskum menningararfi. Þátttakendur voru misánægðir með þá virðingu sem borin er fyrir íslenskum menningararfi í byggingariðnaði á Íslandi en 27% fundargesta voru ánægðir með þennan þátt á meðan 34% þeirra voru óánægðir (sjá töflu 20).



*Hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar óánægðir

Mynd 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í byggingariðnaði á Íslandi


Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um fyrirtæki í byggingariðnaðinum. Rétt tæplega helmingur fundargesta var ósammála því að virk gæðastjórnun væri til staðar og í umræðum á fundinum var rætt um mikilvægi þess að auka gæðastjórnun fyrirtækja í byggingariðnaði. Ef horft er til þess innan hvaða geira íslensks byggingariðnaðar svarendur starfa voru starfsmenn hagsmunasamtaka frekar ósammála því (71%) að virk gæðastjórnun væri til staðar (sjá töflu 21).

Fundargestir voru beðnir að taka afstöðu til þess hvort starfsemin tæki mið af umhverfismálum og voru 45% þátttakenda ósammála því að svo væri. Konur voru í meira mæli ósammála þessari fullyrðingu heldur en karlar en 61% kvenna og 41% karla voru mjög eða frekar ósammála (sjá töflu 24). Í umræðuhópum fundarins var rætt um að mikilvægt væri að meira mið yrði tekið af umhverfismálum í framtíðinni.

Elstu þátttakendur á fundinum voru í meira mæli sammála því en aðrir aldurshópar að mikið væri lagt uppúr innleiðingu tækninýjunga en 45% þeirra töldu svo vera. Hlutfallslega fleiri þátttakendur sem starfa við hönnun voru sammála því að mikið væri lagt uppúr innleiðingu tækninýjunga en þátttakendur sem starfa innan annarra geira íslensks byggingariðnaðar. En 42% hönnuða voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu (sjá töflu 23).

Meirihluti fundarmanna var hvorki sammála né ósammála því að vel væri staðið að rekstri fyrirtækja í byggingariðnaði eða 57% (sjá töflu 22) en 22% voru sammála þessari fullyrðingu. Í umræðum á fundinum var mikið rætt um rekstur og þá helst rekstrarumhverfi fyrirtækja í byggingariðnaði. Bent var á mikilvægi þess að koma á stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja í byggingariðnaði til að koma í veg fyrir sveiflur sem fundarmenn töldu einkenna rekstrarumhverfið.

Einnig var rætt um mikinn framkvæmdar- og byggingarhraða sem þátttakendur töldu að kæmi bæði niður á gæðum og yki kostnað við framkvæmdir í byggingariðnaði. Loks töldu þátttakendur fundarins að háir vextir og mikill fjármagnskostnaður hefði neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja í byggingariðnaði.




*Hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar ósammála

Mynd 7. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirtæki í byggingariðnaði

Í umræðum á fundinum var almenn samstaða um að svört atvinnustarfsemi væri vandamál í byggingariðnaði í dag. Niðurstöður spurningakönnunarinnar renna stoðum undir það. Mikill meirihluti eða 85% fundarmanna voru mjög eða frekar sammála því að svört atvinnustarfsemi væri vandamál í byggingariðnaði á Íslandi og 90% þátttakenda á fundinum voru sammála því að svört atvinnustarfsemi veikti samkeppnisstöðu fyrirtækja í iðnaðinum. Allir þátttakendur á fundinum sem starfa innan stjórn-sýslunnar töldu svarta atvinnustarfsemi veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja í byggingariðnaði á Íslandi (sjá töflu 26).

Skiptari skoðanir voru um það hvort svört atvinnustarfsemi væri vaxandi vandamál í byggingariðnaði. Meirihluti svarenda taldi svo vera eða 51% en 13% voru frekar eða mjög ósammála því.



*Hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar sammála

Mynd 8. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um svarta atvinnustarfsemi? Svört atvinnustarfsemi...


Þátttakendur voru beðnir um að svara því hversu miklar eða litlar framfarir hefðu orðið á sjö sviðum íslensk byggingariðnaðar. Hlutfallslega flestir töldu að miklar framfarir hefðu orðið í vöruþróun eða 43% fundargesta. Ef litið er til aldurs má sjá að elsti hópur svarenda taldi frekar að framfarir hefðu orðið í vöruþróun eða 55%. Ef horft er til starfsvettvangs þá töldu hlutfallslega fleiri þátttakendur sem starfa innan verklegra framkvæmda og við menntun og rannsóknir en á öðrum starfsvettvangi að framfarir hefðu orðið í vöruþróun eða 53% svarenda í báðum þessum geirum. Starfsmenn hagsmunasamtaka töldu síður að framfarir hefðu orðið, en 38% þeirra töldu að frekar litlar framfarir hefðu orðið í vöruþróun á tímabilinu (sjá töflu 28).

Stór hluti þátttakenda taldi einnig að frekar eða mjög miklar framfarir hefðu orðið í tækninýjungum, framleiðsluháttum og gæðastjórnun fyrirtækja í byggingariðnaði á Íslandi á undanförunum áratug eða 40%. Þátttakendur sem starfa innan stjórnsýslunnar töldu síður en þátttakendur úr öðrum geirum að framfarir hefðu orðið í tækninýjungum en 47% þeirra töldu frekar, mjög litlar eða engar framfarir hefðu orðið í byggingariðnaði á tímabilinu (sjá töflu 34). Mun fleiri konur en karlar töldu að framfarir hefðu orðið í gæðastjórnun fyrirtækja en 58% kvenna og 35% karla töldu að miklar framfarir hefðu orðið í þeim efnunum á tímabilinu (sjá töflu 33).

Þátttakendur sem starfa við verklegar framkvæmdir töldu frekar en þátttakendur úr öðrum geirum íslensk byggingariðnaðar að miklar framfarir hefðu orðið í framleiðsluháttum síðastliðinn áratug í byggingariðnaði á Íslandi eða 55% (sjá töflu 29).

Meirihluti svarenda var þeirrar skoðunar að hvorki miklar né litlar framfarir hefðu orðið í markaðsstarfi fyrirtækja eða 55% (sjá töflu 31) en 22% svarenda töldu að mjög eða frekar miklar framfarir hefðu orðið í þeim efnum. Hlutfallslega flestir þátttakendur töldu að minnstar framfarir hefðu orðið í

nýsköpun og frumkvöðlastarfi en 37% svarenda töldu að frekar, mjög litlar eða engar framfarir hefðu orðið í þeim efnum í byggingariðnaði á síðasta áratug (sjá töflu 30).




Mynd 9. Hversu miklar eða litlar framfarir telur þú hafa orðið á síðasta áratug í byggingariðnaði í...

Í umræðum á fundinum var mikið rætt um menntun. Þátttakendur töluðu t.a.m. mikið um mikilvægi þess að auka virðingu fyrir iðnnámi og iðngreinum almennt. Fundargestir höfðu áhyggjur af nýliðun í stéttinni og því hversu fáir stunduðu iðnnám. Þeir töldu að mikilvægt væri að gera iðnnám meira aðlaðandi með því að bæta ímynd námsins og auka virðingu fyrir iðnnámi. Iðnmenntun gæti skilað af sér vel launuðum og góðum störfum og þýðingarmikið væri að ráðast í átak til að bæta ímynd iðnnáms og iðnaðarmanna.

Einnig var rætt um skipulag menntakerfisins. Mikið var rætt um þýðingu þess að auka tengsl og samvinnu milli atvinnulífs og menntakerfisins þannig að tryggt væri með betri hætti að menntakerfið skilaði af sér iðnaðarmönnum sem hefðu þá þekkingu sem atvinnulífið þyrfti á að halda. Auk þess, var talað um að gott væri að auka iðnnám innan grunnskólanna.


Fundargestir töldu að mesta áherslu ætti að leggja á starfsþjálfun, tækninýjungar og nýsköpun í menntun í byggingariðnaði. Mikill meirihluti þátttakenda var sammála um að leggja ætti mjög eða frekar mikla áherslu á þessa þætti eða 93%. Á fundinum var rætt um mikilvægi þess að leggja áherslu á kennslu í rekstri, t.d. kostnaðaráætlunar- og rekstrargerð, í iðnnámi. Mikill meirihluti

fundarmanna taldi að leggja ætti mjög eða frekar mikla áherslu á rekstur og fjármál í menntun í byggingariðnaði eða 84%. Meirihluti þátttakenda, eða 89%, taldi einnig að mikla áherslu ætti að leggja á gæðastjórnun og 87% fundargesta töldu að mjög eða frekar mikla áherslu ætti að leggja á umhverfisvitund í menntun í byggingariðnaði. Allir þátttakendur sem starfa við hönnun töldu að mjög eða frekar mikla áherslu ætti að leggja á umhverfisvitund í menntun í byggingariðnaði. Fundargestir sem starfa við stjórnsýslu og menntun og rannsóknir töldu einnig langflestir að mikla áherslu ætti að leggja á þennan þátt eða 97% starfsmanna í stjórnsýslu og 95% þeirra sem starfa við menntun og rannsóknir. Þátttakendur sem starfa við verklegar framkvæmdir, við fjármögnun eða í fasteignafélögum töldu síður að leggja ætti mikla áherslu á umhverfisvitund í menntun í byggingariðnaði eða 73%, sem er engu að síður mikill meirihluti (sjá töflu 38). Hlutfallslega fleiri konur en karlar töldu að mikla áherslu ætti að leggja á byggingarlist eða 91% kvenna samanborið við 68% karla. Hönnuðir töldu frekar en starfsmenn úr öðrum geirum að mjög eða frekar mikla áherslu ætti að leggja á þennan þátt eða 89%. Fundargestir sem starfa við verklegar framkvæmdir voru síður á því en fundarmenn úr öðrum geirum að frekar eða mjög mikla áherslu ætti að leggja á byggingarlist eða 48%, sem er þó rétt tæplega helmingur (sjá töflu 40).



Mynd 10. *Hversu mikla eða litla áherslu telur þú að leggja eigi á eftirfarandi þætti í menntun í byggingariðnaði?*


Mikill meirihluti þátttakenda fundarins hafði sótt sér sí- og endurmenntun tengda starfi sínu á undanförunum tveimur árum eða 71%. Helmingur svarenda hafði sótt sér endurmenntun oftár en einu sinni en 21% svarenda hafði sótt sér sí- og endur-



Mynd 11. *Hefur þú sótt þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á síðastliðnum tveimur árum?*


menntu tengda starfi sínu einu sinni á tímabilinu. Svarendur á aldrinum 40-54 ára höfðu í meiri mæli en aðrir aldurshópar sótt sér slíka menntun en 84% þeirra höfðu sótt sér sí- og endurmenntun á tímabilinu (sjá töflu 41).

Svarendur töldu sig flestir hafa mikið svigrúm til að sækja sér sí- og endurmenntun í starfi sínu (68%). Hönnuðir töldu síður að þeir hefðu mikið svigrúm til að sækja sér slíka menntun en þátttakendur í öðrum geirum (56%). Þátttakendur sem starfa hjá fasteignafélögum eða við fjármögnun töldu frekar en aðrir þátttakendur að þeir hefðu svigrúm í starfi sínu til að sækja sér sí- og endurmenntun (86%) (sjá töflu 42).




Mynd 12. Hversu mikið eða lítið svigrúm telur þú þig hafa í starfi þínu til þess að sækja þér sí- og endurmenntun?

Fundargestir voru spurðir hvort að eitthvað hamlaði því að þeir gætu sótt sér sí- og endurmenntun. Stærstur hluti þátttakenda taldi að ekkert hamlaði því að þeir gætu sótt sér sí- og endurmenntun eða 81%. Þátttakendur sem starfa við verklegar framkvæmdir töldu langflestir að ekkert hamlaði því að þeir gætu sótt sér sí- og endurmenntun eða 97%. Þátttakendur sem starfa hjá hagsmunasamtökum töldu hins vegar frekar en þátttakendur úr öðrum starfsgreinum að einvers konar hömlur stæðu í vegi fyrir því að þeir gætu sótt sér sí- og endurmenntun eða 46%. Þriðjungur hönnuða taldi að eitthvað hamlar því að þeir gætu sótt sér slíka menntun (sjá töflu 49).



Mynd 13. Er eitthvað sem hamlar því að þú getir sótt þér endurmenntun?

Svarendur sem töldu eitthvað standa í vegi fyrir því að þeir gætu sótt sér sí- og endurmenntun voru spurðir frekar um hvað ylli. Meirihluti þeirra (57%) taldi að tímaskortur eða vinnuálag vera þess valdandi að þeir ættu erfitt með að sækja sér hana.




Mynd 14. Er eitthvað sem hamlar því að þú getir sótt þér endurmenntun? Ef já, hvað?

Þátttakendur á fundinum voru spurðir nánar út í á hvaða sviðum þeir hefðu áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntun tengda starfi sínu. Í ljós kom að flestir höfðu áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntun á sviði tækninýjunga eða 87% þátttakenda. Þetta kom einnig fram í umræðum en þar var rætt um nýjungar vantaði í byggingariðnaði.

Mikill meirihluti fundargesta, eða 77%, hafði mikinn áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntun í stjórnun og umhverfismálum eða vistvænum byggingum. Hönnuðir höfðu almennt meiri áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntun í stjórnun en þátttakendur úr öðrum starfsgreininum, (93%). Elsti aldurshópur þátttakenda á fundinum hafði síður áhuga á að sækja sér slíka menntun en aðrir aldurshópar en 65% þátttakenda á aldrinum 55 ára og eldri höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntun í stjórnun, sem er þó mikill meirihluti þátttakenda í aldurshópnum (sjá töflu 43). Nánast allar konur (97%) sem sóttu fundinn höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga að sækja sér sí- og endurmenntun í umhverfismálum eða vistvænum byggingum


(sjá töflu 47). Stór hluti þátttakenda sem starfa við verklegar framkvæmdir (82%) hafði mjög eða frekar mikinn áhuga á að sækja sér sí- og endurmenntu á sviði reksturs og fjármála sem er töluvert hærra hlutfall en á fundinum almennt (68%) (sjá töflu 44).



*Hlutfall þeirra sem höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga

Mynd 15. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að sækja þér sí- og endurmenntun tengda starfi þínu á eftirfarandi sviðum?

Langflestir fundarmenn eru ánægðir í núverandi starfi eða 92%. Minnst ánægja með núverandi starf er meðal þátttakenda sem starfa við menntun og rannsóknir, 10% voru ósammála því að þeir væru ánægðir í núverandi starfi en 80% þeirra voru sammála því (sjá töflu 51). Mikill meirihluti fundarmanna (73%) var mjög eða frekar sammála því að þeir myndu hvetja einstaklinga til að mennta sig til að sinna sambærilegu starfi og þeir eru í. Mikill meirihluti þátttakenda (71%) taldi að virðing væri borin fyrir starfi þeirra. Þátttakendur sem starfa við verklegar framkvæmdir voru síður sammála því en aðrir hópar að virðing væri borin fyrir starfi þeirra (62%) (sjá töflu 52).



*Hlutfall þeirra sem hafa mjög eða frekar sammála


Mynd 16. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starf þitt?

Viðhorf fundargesta til þess hverjir þeir telja að séu helstu veikleikar og styrkleikar íslensks byggingariðnaðar var kannað bæði í upphafi og lok fundarins.

Töldu flestir að helsti styrkleiki íslensks byggingariðnar væri mannauður eða fólkið sem í geiranum starfar. Við upphafi fundar nefndu 45% mannauð sem helsta styrkleika iðnaðarins en í lok fundar var hlutfallið orðið 51%. Fundargestir nefndu t.d. að á Íslandi störfuðu „vel menntaðir og reynslumiklir iðnaðarmenn, góðir fagmenn“, „duglegt starfsfólk, [sem er] ósérhlífið [og með] metnað í starfi“, og að „kraftur [sé] í vinnuaflinu [og að hér sé] vel menntað starfsfólk“. Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður sem birtar voru í upphafi þessa kafla (sjá mynd 4) þar sem kom fram að rúmlega helmingur svarenda væri mjög eða frekar ánægður með þekkingu starfsfólks í byggingariðnaði.

Sumir minntust á að sveigjanleiki og aðlögunarhæfni væru helsti styrkleiki íslensks byggingariðnaðar (20%). Talað var um að styrkleikinn væri fólgin í „aðlögunarhæfni við erfiðar sveiflukenndar aðstæður“.

Fleiri töldu smæð geirans, samskipti og vinnuhverfi vera helsta styrkleika íslensks byggingariðnaðar þegar spurningin var lögð fyrir í lok fundar en í upphafi hans. Talað var um að „smæðin gæfi tækifæri til samvinnu“ og að vinnuumhverfi í byggingariðnaði á Íslandi væri gott.



*Svarendur gátu tiltekið fleiri en eitt atriði

Mynd 17. Hverjir telur þú að séu helstu styrkleikar íslensk byggingariðnaðar?


Þegar spurt var um helstu veikleika íslensk byggingariðnaðar við upphaf fundarins var algengast að þátttakendur teldu helsta veikleika byggingariðnaðar vera regluverk, eftirlit, gæðamál og gæðastjórnun. Þátttakendur tilgreindu t.d. „lélegt byggingareftirlit og gæðastjórnun“ og „lélegt regluverk og eftirfylgni“. Einn þátttakandi taldi „skort á samræmdum gæðakröfum til byggingaraðila [og] ófullnægjandi starfsemi og framkvæmd byggingareftirlits byggingarfulltrúa leiða til lélegs frágangs og viðhalds bygginga“.

Sumir minntust einnig á að fagmennska, þekking og menntun væri helsti veikleiki íslensk byggingariðnaðar en 17% fundargesta tilgreindu þessi atriði. Þeir sem tilgreindu þessi atriði héldu t.d. fram að það „vant[í] fagmennsku [og] of mikið fúsk [sé] í framkvæmd[um] og eftirliti“, einnig töldu þátttakendur að „það vant[í] sárlega nýliðun í greinina...“ og að „lítil virðing sé borin fyrir þekkingu“.

Einnig töldu sumir að óstöðugleiki og sveiflur væru helsti veikleiki iðnaðarins. Þetta kemur heim og saman við umræður á fundinum sjálfum eins og greint var frá hér að framan (sjá bls 37). Nefnt var að sveiflukennt umhverfi gerði áætlunargerð erfiðari og að sveiflukennd ytri áhrif hefðu mikil áhrif á bólumyndun.

Við seinni fyrirlögn spurningalista var algengast að þátttakendur teldu vöntun á samstarfi, samskipti og upplýsingaflæði vera helsta veikleika íslensks byggingariðnaðar. En 25% fundarmanna tiltóku þessi atriði sem helsta galla íslensk byggingariðnaðar samanborið við 3% þátttakenda í fyrri fyrirlögn. Fundarmenn töluðu m.a. um að „of lítið samtal og samvinna [væri í

Íslenskum byggingariðnaði og] þekking og reynsla [væri] lokuð inni fyrirtækjum og stofnunum“, og „að ekkert samstarf, þverfaglegt, [væri] á [milli] aðila innan byggingariðnaðarins [og að] upplýsingar um góðar lausnir vanti“.



*Svarendur gátu tiltekið fleiri en eitt atriði


Mynd 18. Hverjir telur þú að séu helstu veikleikar íslensk byggingariðnaðar?

Samstarf í byggingariðnaði á Íslandi

Í umræðum á fundinum tilgreindu fundargestir nokkur samstarfsverkefni í byggingariðnaði á Íslandi. Nefnd voru félög eins og Steinsteypu- og lagnafélagið, og talað var um ráðstefnur sem Samtök iðnaðarins hafa staðið fyrir svo sem ráðstefnuna „Mygla í mannvirkjum“ sem haldin var árið 2013. Auk þess var fjallað um verkefni eins og Hæg breytileg átt og Vistbyggðarráð og tekin dæmi um samstarf í ýmsum sérverkefnum t.d. byggingu Hörpunnar.

Á fundinum voru þátttakendur spurðir hvort fyrirtækið eða stofnunin sem þeir starfa hjá hefði tekið þátt í samstarfsverkefnum sem snúa að byggingariðnaði síðastliðinn áratuginn. Mikill meirihluti hafði tekið þátt í verkefnum sem fólu sér menntun eða þjálfun starfsfólks en 75% fundargesta höfðu tekið þátt í slíkum verkefnum einu sinni eða oft og 58% þátttakenda höfðu tekið þátt í þess háttar verkefnum þrisvar sinnum eða oft. Elsti aldurshópur svarenda, eða einstaklingar 55 ára eða eldri, var sá aldurshópur sem oftast sagði fyrirtæki eða stofnun sína hafa tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fólu í sér menntun eða þjálfun starfsfólks (86%) (sjá töflu 93).

Meirihluti fundargesta taldi að fyrirtækið eða stofnunin sem þeir starfa hjá hafði tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fólu í sér samstarf í viðskiptum, alþjóðlegt samstarf eða þróun og rannsóknir. Hönnuðir töldu frekar en þátttakendur úr öðrum geirum að fyrirtækið eða stofnunin sem þeir starfa hjá hafði tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fólu í sér samstarf í viðskiptum eða 75%. Einnig var algengt að fundargestir sem starfa í verklegum framkvæmdum töldu að fyrirtækið eða stofnunin sem þeir starfa hjá hafði tekið þátt í slíkum samstarfsverkefnum eða 71% (sjá töflu 98). Fundargestir sem starfa í verklegum framkvæmdum töldu síður að fyrirtækið eða stofnunin sem þeir starfa hjá hafði tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fólu í sér alþjóðlegt samstarf en þátttakendur sem starfa á öðrum




*Hlutfall þeirra sem starfa hjá fyrirtæki eða stofnun sem hefur tekið þátt í samstarfi á sviði einu sinni eða oft

